

EFTIRLITSSKÝRSLA

Arctic Sea Farm ehf. Patreksfjörður og Tálknafjörður



Dags eftirlits	25.9.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Arctic Sea Farm ehf.	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Aðalstræti 20	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	700807-0450	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Guðmundur Ólafsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Níu frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram við eftirlit er varða tilkynningar um útsetningu seiða, að vöktunarskýrslum var ekki skilað fyrir útsetningu seiða, að öryggisblöð voru ekki aðgengileg, að olíur voru geymdar við ófullnægjandi aðstæður í fóðurpramma og að gögnum var ekki skilað innan tímamarka. Ein ábending var sett fram um að útreikningar á losun fosfórs þurfa að fylgja með í ársyfirliti.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Um er að ræða fiskeldisstöð Arctic Sea Farm, Patreks- og Tálknafirði sem hefur leyfi fyrir kynslóðaskiptu eldi á laxi, í sjókvíum á tveimur eldissvæðum í Kvígindisdal, Patreksfirði og Hvannadal, Tálknafirði. Heimild er fyrir allt að 7.800 t lífmassa í stöðinni á hverjum tíma. Starfsleyfið gildir til 26. ágúst 2035.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir starfsleyfið og stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Eftirlitsmælingar, skráningar og gagnaskil
- Áætlanir og viðbrögð – uppfærslur áætlana, trygginga o.fl.
- Umgengni og aðkoma lóðar og kvía
- Geymsla, förgun og meðhöndlun hættulegra efna
- Kynning á meðfylgjandi gögnum
- Skoðunarferð
- Önnur mál

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Engin frávik komu fram við síðasta eftirlit, árið 2022, en tvær ábendingar voru settar fram er varða tilkynningu á útsetningu seiða og að áfram skuli lögð áhersla á hreinsun svæðisins við Sandodda. Enn vantar á tilkynningar vegna útsetninga seiða í kvíar og er frávik sett þar um. Hreinsunin við Sandodda var skoðuð í eftirlitinu og enn má finna plastsvarf í sandinum í kringum flugbrautina. Rekstraraðili hefur í tvígang hreinsað svæðið en erfitt hefur reynst að ná upp því sem þarna fór niður við smíði kvía á svæðinu árin 2018 og 2019. Smíði kvía að Sandodda hefur verið hætt og rekstraraðili er ekki lengur í viðskiptum við verktakann sem stóð að smíðinni. Frávikinu er því lokað. Er rekstraraðili minntur á að gæta þess í framtíðinni að eiga viðskipti við þá verktaka sem fara að þeim lögum og reglum sem gilda um viðkomandi starfsemi, þ.m.t. lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

Áhættumat 2024 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

Verið var að klára slátrun upp úr öllum kvíum í Tálknafirði er eftirlitið fór fram en ekki var farið að kvíasvæðinu við Hvannadal að þessu sinni. Fiskur var í 8 kvíum við Kvígindisdal í Tálknafirði er eftirlitið fór fram og var sett út í þær nú í ágúst sl. eftir hvíld frá því í september 2023. Rekstraraðili tilkynnti ekki um útsetningu seiða til eftirlitsaðila skv. gr. 3.2 í starfsleyfi og er því sett frávik þar um. Minnt er á að hvíldartími á milli kynslóða er að lágmarki 90 dagar og tilkynna skal eftirlitsaðila útsetningu með að lágmarki tveggja vikna fyrirvara ásamt því að senda inn vöktunarskýrslu vegna hvíldarsýnatöku á svæðinu. Eftirlitsaðili getur einhliða frestað útsetningu seiða bendi niðurstöður vöktunar til þess að umhverfisaðstæður séu óhagstæðar á svæðinu. Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða getur Umhverfisstofnun lagt á stjórnvaldssektir sbr. 67. gr. laga nr. 7/1998. Vöktunarskýrslur vegna hvíldarsýnataka fyrir útsetningu seiða, í kvíar við Hvanna45 r fdal og Kvígindisdal 2022 bárust eftirlitsaðila ekki fyrr en að lokinni útsetningu, eða þann 17. janúar 2023 og er því sett frávik þar um. Hámarkssýnataka var gerð við Kvígindisdal 2023 og hvíldarsýnataka við Hvannardal árið 2022 og við Kvígindisdal 2024. Skýrslurnar má finna á vefsvæði rekstraraðila á [www.ust.is](#).

Grænu bókhaldi fyrir árið 2023 var skilað á tilsettum tíma en útstreymisbókhaldi fyrir árið 2023 var ekki skilað á tilsettum tíma og því einnig sett frávik þar um. Útstreymisbókhaldinu var skilað þann 4. október sl. og er frávikinu því

lokað. Skýrslur vegna ársins 2022 bárust ekki fyrir tilsettan tímafrest, 1. maí 2023 og eru því sett frávik þar um. Skýrslurnar bárust eftirlitsaðila þann 5. júlí 2023 og er frávikunum því lokað. Ársyfirliti fyrir árið 2023 var ekki skilað á tilsettum tíma og er því frávik sett þar um og áfram er minnt á að útreikningar efnalosunar skv. gr. 3.4 í starfsleyfi þurfa að fylgja ársyfirlitinu. Ársyfirliti fyrir árið 2023 var skilað þann 4. október sl. og er frávikinu því lokað.

Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda liggur fyrir og uppfært tryggingaskírteini fyrir tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda hefur verið sent til eftirlitsaðila. Vöktunaráætlunina þarf að uppfæra m.t.t. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og skal hún send eftirlitsaðila að því loknu. Allar áætlanir eru vistaðar í rafrænu kerfi rekstraraðila og eru aðgengilegar starfsmönnum þar. Minnt er á að uppfæra þarf áætlanirnar m.t.t. breytinga á verklagi, starfsmönnum og símanúmerum ef við á. ASC vottun er í gildi til 9. maí 2025.

Kvíarnar eru þjónustaðar daglega, dauðfiskur fjarlægður og settur í meltu. Aðstaða til meltugerðar er til staðar á prömmunum og sýra er geymd við fullnægjandi aðstæður utandyra. Þjónustusamningur er við flutningaskip sem sækir meltu út í prammanna og siglir henni til Noregs. Sjálfvirk fóðrun er í kvíarnar og er henni stýrt frá Þingeyri. Myndavélar og lýsing eru í kvíunum. Meindýraeyðir kemur reglulega, skv. samningi og yfirfer varnir í fóðurgeymslum. Meindýr hafa ekki verið vandamál til þessa og ekki er mikill ágangur fugla í kvíarnar. Net er yfir kvíum.

Siglt var út að kvíum við Kvígindisdal og engar ábendingar settar fram þar um. Ekki var farið um borð í fóðurprammann en aðstæður þar eru þær sömu og í prömmum rekstraraðila á öðrum starfsstöðum, sem farið var í, í sömu ferð. Skv. rekstraraðila eru engar lekabyttur undir olíutunnum sem eru um borð í prömmunum og er því sett frávik þar um. Engin öryggisblöð eru aðgengileg skv. gr. 3.11 í starfsleyfi og var rekstraraðili minntur á að gera úrbætur þar um. Frávik er sett hvað það varðar.

Heimild er í starfsleyfinu fyrir notkun á ásætuvörnum sem innihalda kopar og vakta þarf svæðið m.t.t. þess skv. gr. 3.4 í starfsleyfi, þar sem slíkar nætur eru í notkun á svæðinu.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 3.2 í starfsleyfi	Ekki var tilkynnt um útsetningu seiða með tveggja vikna fyrirvara, við Kvígindisdal í ágúst 2024. Vöktunarskýrslur bárust eftirlitsaðila að lokinni útsetningu, eða 19. september 2024, en þær þarf að senda inn til eftirlitsaðila að lágmarki tveimur vikum fyrir útsetningu.
Gr. 3.2 í starfsleyfi	Vöktunarskýrslur vegna hvíldarsýnataka fyrir útsetningu seiða, í kvíar við Hvannardal og Kvígindisdal 2022 bárust eftirlitsaðila ekki fyrr en að lokinni útsetningu eða þann 17. janúar 2023, en þær þarf að senda inn til eftirlitsaðila að lágmarki tveimur vikum fyrir útsetningu.
Gr. 3.11 í starfsleyfi	Öryggisblöð skulu vera aðgengileg og uppfærð við alla efnameðferð. Öryggisblöð voru ekki til staðar í fóðurpramma.
Gr. 3.11 í starfsleyfi	Olíuforni voru geymd við ófullnægjandi aðstæður í fóðurpramma en rekstraraðili vinnur að því að koma fyrir lekabyttum undir öll spilliefni.
Gr. 4.2 í starfsleyfi	Ársyfirlit fyrir árið 2022 barst ekki fyrr en 5. júlí 2023 en skila ber öllum skýrslum fyrir 1. maí ár hvert. Frávikinu er lokað þar sem gögnin hafa borist.
Gr. 4.2 í starfsleyfi	Ársyfirlit fyrir árið 2023 barst ekki á tilskildum tíma en skiladagur þeirra var fyrir

1. maí sl. Ársyfirlit 2023 barst þann 4. október sl. og er frávikin því lokað.

Gr. 4.3 í starfsleyfi Grænt bókhald, fyrir árið 2022 barst ekki fyrr en 5. júlí 2023 en skila ber fyrir 1. maí ár hvert. Frávikin er lokað þar sem gögnin hafa borist.

Gr. 4.3 í starfsleyfi Útstreymisbókhald, fyrir árið 2022 barst ekki fyrr en 5. júlí 2023 en skila ber fyrir 1. maí ár hvert. Frávikin er lokað þar sem gögnin hafa borist.

Gr. 4.3 í starfsleyfi Útstreymisbókhald, fyrir árið 2023 barst ekki á tilskildum tíma en skila ber öllum skýrslum fyrir 1. maí ár hvert. Útstreymisbókhald 2023 barst þann 4. október sl. og er frávikin því lokað.

ÁBENDINGAR

Ábending er sett fram varðandi það að útreikningar á losun fosfórs þurfa að fylgja með í ársyfirliti.

ANNAÐ

Kynningar á gagnagrunni um mengaðan jarðveg, breyttu fyrirkomulagi um boðun eftirlits Umhverfisstofnunar og á innheimtu eftirlitsgjalda skv. nýrri gjaldskrá Umhverfisstofnunar voru sendar með fundarboðinu og var rekstraraðili beðinn um að kynna sér gögnin.


Rætt var um skráningar á framleiðslumagni fyrir árið 2021 en öll framleiðsla árána 2019-2021 var skráð á árið 2021 en ekki deilt niður á kynslóða árin eins og heimilt er skv. starfsleyfi, þegar um kynslóðaskipt eldi er að ræða. Rekstraraðili sendir inn nýtt yfirlit yfir framleiðslu þessara ára svo það valdi ekki misskilningi síðar.

Engar kvartanir hafa borist, hvorki rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti og engin mengunaróhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti.

Reykjavík, 06.11.2024

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



Guðbjörg Stella Arnadóttir